



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samningur við Iceland Airwaves ehf. til samþykktar

Menningar- og ferðamálaráð staðfesti á fundi sínum þ. 14. maí sl. hjálagðan samning við Iceland Airwaves ehf. dags. 11. maí 2018 um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Iceland Airwaves á tímabilinu 1. apríl 2018 til 31. desember 2019.

Samningnum er hér með vísað til borgarráðs til staðfestingar sbr. 4. gr. hans.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Iceland Airwaves 2018-2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Iceland Airwaves ehf., kt. 460318-1060, Skeifunni 17, 108 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Iceland Airwaves á tímabilinu 1. apríl 2018 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Iceland Airwaves var útnefnd ein fjögurra borgarhátíða Reykjavíkur 2017 – 2019. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Borgarhátíð Reykjavíkur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjú daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Tilgangur og markmið Iceland Airwaves er að:

- efla tónlistarlíf í Reykjavík, auka fjölbreytnina og hvetja unga fólkið til dáða
- koma íslenskum tónlistarmönnum á framfæri erlendis
- efla útflutning íslenskrar tónlistar
- styrkja jákvæða ímynd íslenskrar tónlistar, bæði innanlands og utan
- vekja athygli á Reykjavík sem tónlistarborg
- fjölga ferðamönnum utan háannatíma.

2. gr. Framlag Iceland Airwaves

Iceland Airwaves ehf tekur að sér að skipuleggja og stjórna framkvæmd á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni í nóvember 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. grein samnings.

3. gr. Kynningarmál

Iceland Airwaves ehf ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á Iceland Airwaves hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Iceland Airwaves jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að tónlistarhátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Iceland Airwaves, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa skjaldarmerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Iceland Airwaves skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu um kynningu á viðburðum sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt auk skjaldarmerkis Reykjavíkurborgar.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Iceland Airwaves ehf til í beinum fjárframlögum kr. 8.000.000.- árið 2018 og kr. 14.000.000 árið 2019 skv. skilyrðum í 6. grein.

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2018

kr. 3.000.000 þ. 15. -18. júní

kr. 3.000.000 þ. 15. -18. ágúst

kr. 2.000.000 þ. 15. -18. nóvember

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2019 ef skilyrðum hefur verið fullnægt sbr. 6. grein

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. febrúar

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. maí

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. ágúst

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. nóvember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0133 – 26 - 13802, kt. 460318-1060. Framlag Reykjavíkurborgar vegna ársins 2019 er með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2019. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breytttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

Iceland Airwaves ehf ber ábyrgð á tónlistarhátíðinni og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Iceland Airwaves ehf ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Iceland Airwaves ehf er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála og verkefni um Tónlistarborgina Reykjavík á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar eru tengiliðir samningsins við Iceland Airwaves. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í byrjun desember 2018 og í febrúar og september 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins, mat á síðustu hátíð og skipulag Iceland Airwaves á næstu Iceland Airwaves hátíð.

Iceland Airwaves ehf. skal leggja fram á desemberfundi 2018 bráðabirgðauppgjör og skýrslu vegna hátíðarinnar sem haldin verður 7. – 10. nóvember 2018. Í kjölfarið mun Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborg meta hvort hátíðin uppfylli skilyrði samnings þessa.

Ef niðurstaða Menningar- og ferðamálasviðs í desember 2018 verður sú að hátíðin uppfylli ekki skilyrði til þess að halda samningi út samningstímabilið þá fellur samningurinn úr gildi 31. desember 2018.

Uppfylli hátíðin ekki skilyrði samnings þessa skal Iceland Airwaves ehf. á febrúarfundi 2019 leggja fram endanlegt uppgjör og skýrslu vegna fyrri hátíðar.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Ef fyrirvarsmenn Iceland Airwaves ehf. eru í vafa um hvort félagið geti uppfyllt samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef sýnt þykir að mati Menningar- og ferðamálasviðs að markmiðum samningsins verður ekki náð skal endurskoða verkefnaáætlun samningsins. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Iceland Airwaves ehf. hefur sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og/eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 23.4.2018. Þegar hefur verið felldur úr gildi fyrri samningur við IA tónlistarhátíð vegna Iceland Airwaves sem undirritaður var 16.12.2015. Samningurinn gildir til 31. desember 2019 með fyrirvörum í 6. og 7. grein. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 11. maí 2018.



F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Iceland Airwaves ehf

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

ingr mín Litlittir 050977-3829

Sigrún Pálvotni 1103502449